

**Fuglalíf og gróður við Efribyggðarveg,
Skagafirði.**

Ólafur Einarsson og Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki

NÍ-98016

Akureyri, október 1998



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 AÐFERÐIR	3
3 FUGLALÍF	3
4 ALMENN GRÓÐURLÝSING	5
5 SJALDGÆFAR PLÖNTUR	6
6 UMFJÖLLUN	6
6 ÞAKKIR	6
7 HEIMILDIR	6

SKRÁ YFIR TÖFLUR OG VIÐAUKA

1. tafla. Fuglar sem sáu við fyrirhugaðan veg í nágrenni Krithólsgærðis í júní 1998.	4
2. tafla. Fuglar sem sáu við fyrirhugaðan veg við Kolgröf í júní 1998.	4
3. tafla. Talningar á fuglum á sniðum í nágrenni við Krithólsgærði í júní 1998.	5
4. tafla. Talningar á fuglum á sniðum í nágrenni við Kolgröf í júní 1998.	5
1. viðauki. Varpfuglar í reit 4844.	8
2. viðauki. Skrá yfir plöntur við Efríbyggðarveg.	9

1 INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar á Sauðárkróki tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér athuganir á gróðri og fuglalífi á fyrirhuguðu vegarstæði um Efríbyggð í Skagafirði frá Álfgeirsvöllum niður á Þjóðveg 752 sunnan við Álftagerði. Alls er leiðin um 8 km, þar af um 5 km styrking núverandi vegar, en 3 km endurbygging vegar á nýjum stað. Vettvangskönnun á fuglalífi var gerð af Ólafi Einarssyni, en könnun á gróðri af Herði Kristinssyni.

2 AÐFERÐIR.

Athuganir á fuglalífi voru framkvæmdar 9. og 11. júní 1998. Gengið var með fyrirhuguðu vegstæði í nágrenni við Krithólsgærði og Kolgröf og talið á tveimur sniðum. Talið var tvisvar á báðum sniðum. Á sniði I var talið kl. 17:25 þann 9. júní, sniði II kl. 08:15 þann 11. júní. Snið III var tekið kl. 19:00 þann 9. júní og snið IV kl. 09:30 þann 11. júní. Hver sniðtalning tók 25 mínútur á hverju sniði fyrri daginn og um 45 mínútur þann seinni. Gróðri á þessum slóðum er lýst í kafla 4. Snið I og II voru 900 m löng en III og IV voru 1000 m. Talið var á tveimur beltum 100 m og 200 m, en aðferðin byggðist á hinni svokölluðu „finnsku aðferð” (Järvinen og Väisänen 1975, Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992). Í útreikningum á þéttleika var leiðrétt fyrir þá fugla sem ekki sjást eftir því sem fjær dregur miðlínu sniðs. Þar var stuðst við línulega formúlu sem fundin hefur verið út í rannsóknum á varpþéttleika fugla (Järvinen 1976, Bibby o.fl. 1992). Aðrir fuglar á athugunarsvæðinu voru jafnframt skráðir.

Samkvæmt ákveðnu kerfi hefur Íslandi verið skipt niður í 10×10 km reiti til rannsókna á útbreiðslu lífvera. Reitakerfi þetta var upprunalega gert til þess að rannsaka útbreiðslu plantna á Íslandi (Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970). Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan reits númer 4844. Yfirlit var tekið saman um varpfugla í reit 4844 og var byggt á gögnum sem til voru á Náttúrufræðistofnun ásamt þeim sem söfnuðust í júní 1998.

Athuganir á gróðri voru framkvæmdar 16. sept. 1998. Gengið var um veglínuna og allar tegundir blómplantna og byrkninga skráðar, einkum á þeim tveim köflum þar sem um nýbyggingu vegarins er að ræða (sjá 2. viðauka bls. 9). Einnig var gerð almenn lýsing á helstu gróðurlendum sem leiðin liggur um.

3 FUGLALÍF

Í reit 4844 hafa verið skráðar 32 tegundir varpfugla (1. viðauki). Nítján þessara fuglategunda þykja öruggir varpfuglar í reitnum, fjórar eru líklegir varpfuglar og níu eru hugsanlega verpandi í reitnum.

Á athugunarsvæðinu í nágrenni við Krithólsgærði sáust alls tíu fuglategundir (1. tafla). Átta fuglategundir voru skráðar þar sem mögulegir varpfuglar við eða á fyrirhuguðu vegstæði, það er 25% af þeim tegundum sem skráðar hafa verið í reitnum. Í nágrenni Kolgrafar sáust átta fuglategundir og allar þóttu þær vera líklegir varpfuglar á þeim slóðum (2. tafla). Engin þessara tegunda telst sjaldgæfur varpfugl héraendis og eru þær algengar víða um land. Á hvorugum staðnum fannst hreiður á meðan athugunum stóð.

1. tafla. Fuglar sem sáust við fyrirhugaðan veg í nágrenni Krithólsgerðis í júní 1998

Tegund	Líklegir varpfuglar	Aðrir fuglar
Rjúpa	x	
Sandlóa	x	
Heiðlóa	x	
Lóupræll	x	
Hrossagaukur	x	
Jaðrakan		x
Spói	x	
Stelkur		x
Þúfutittlingur	x	
Steindepill	x	
Alls	8	2

2. tafla. Fuglar sem sáust við fyrirhugaðan veg í nágrenni við Kolgröf í júní 1998

Tegund	Líklegir varpfuglar	Aðrir fuglar
Heiðlóa	x	
Lóupræll	x	
Hrossagaukur	x	
Jaðrakan	x	
Spói	x	
Stelkur	x	
Þúfutittlingur	x	
Steindepill	x	
Alls	8	0

Fuglar voru taldir á fjórum sniðum og eru niðurstöðurnar í 3. og 4. töflu. Flestar tegundir, alls sjö, fundust á sniði II og var þéttleiki varpfugla einnig nokkuð hár þar, 93 pör á km². Mestur var þéttleikinn á sniði III en minnstur á sniði IV. Þéttleiki var mestur hjá heiðlóu á sniði III, 40 pör á km², þúfutittlingur hafði einnig sama þéttleika á sniði I. Þéttleikinn var minni hjá öðrum tegundum á sniðunum. Í nokkrum tilfellum voru fuglar skráðir á 200 m belti, þá var ekki gefinn upp þéttleiki þar sem útkoman úr formúlunni verður núll.

Lítið af fuglum sást í fyrstu talningunni á sniði I og þótti líklegt að þar væri meira fuglalíf en varð vart við í fyrstu sniðtalningunni. Því var ákveðið að telja þar aftur. Önnur talning gaf einnig samanburð á talningum á mismunandi tímum. Nokkur munur er á talningunum, sérstaklega á sniði I og II. Skýringin er sú að fleiri fuglategundir eru á ferðinni á morgnana en síðdegis.

3. tafla. Talningar á fuglum á sniðum í nágrenni við Krithólsgærði í júní 1998

Tegund	Snið I			Snið II		
	100 m	200 m	pör/km ²	100 m	200 m	pör/km ²
Rjúpa	–	–	–	1	0	22
Sandlóa	0	1	–	1	0	22
Heiðlóa	–	–	–	1	3	12
Lóuþræll	–	–	–	1	0	22
Hrossagaukur	–	–	–	2	1	28
Þúfuttlingur	2	0	40	1	1	13
Steindepill	1	0	20	0	1	–
Alls	3	1	44	7	6	93

4. tafla. Talningar á fuglum á sniðum í nágrenni við Kolgröf í júní 1998

Tegund	Snið III			Snið IV		
	100m	200m	pör/km ²	100m	200m	pör/km ²
Heiðlóa	2	0	40	0	2	–
Lóuþræll	1	0	20	0	1	–
Jaðrakan	–	–	–	0	1	–
Spói	1	0	20	0	1	–
Þúfuttlingur	1	0	20	2	1	25
Steindepill	–	–	–	1	0	20
Alls	5	0	100	3	6	33

4 ALMENN GRÓÐURLÝSING

Á svæðinu frá Vatnsá framhá Álfgeirsvöllum er fyrirhuguð endurbygging vegar á sama stað og núverandi vegur. Við Kolgröf færast vegurinn hins vegar til hliðar frá núverandi vegi, og fer þar um hæðir með melkollum og móum á milli. Melarnir eru með gisnum melagróðri sem einkennist af krækilyngi, holtasóleyjum, þursaskeggi og grámosa. Móarnir eru þýfðir með ríkjandi krækilyngi, móasefi og holtasóleyjum, en auk þess nokkuð af þursaskeggi og fjalldrapa. Sums staðar er grámosaþemba í þúfnakollum.

Þegar kemur fram á hæð norðan við Kolgröf sveigir leiðin niður yfir hallandi land og sameinast þar eftir fljótlega núverandi vegi. Þarna eru áfram melkollar og móar, en með mjóum mýrasundum á milli. Þau eru fremur þurr (hálfdeig), með ríkjandi mýrastör, klófífu, vallarsveifgrasi og snarrótarpunti.

Þegar niður brekkurnar kemur á móts við Krithólsgærði, sveigir núverandi vegur til vinstri í átt að Álfagerði og þar um hlaðið, en fyrirhuguð veglína liggur beint áfram og niður á þjóðveg 752. Þar fer leiðin fyrst um grasmóa og sefmóa með krækilyngi og holtasóleyjum. Síðan fer hún yfir áborinn og uppgræddan mel, sem nýttur er sem beitarland. Á melnum eru ríkjandi fjallasveifgras, túnvingull og vegarfi, en krækilyng og holtasóleyjar eru hörfandi undan áburðinum. Neðan melsins eru áfram sams konar sefmóar með krækilyngi og áður, og síðan víðáttumeiri grasmóar sem hafa orðið til úr framræstri mýri. Þar eru snarrótarpuntur, língresi, mýrastör, hálmgresi, vallarsveifgras og túnvingull ríkjandi tegundir. Neðar er gamall skurður með lófót, skrið-

língresi og sefbrúðu. Austan við skurðinn taka í fyrstu aftur við sams konar grasmóar þar sem þurrkunaráhrifa skurðarins gætir, en neðar þegar nálgast þjóðveginn verður landið töluvert votara. Á nokkrum kafla er þar blaut mýri með ríkjandi mýrastör, vetrarkvíðastör, klóffu og engjarós. Einnig eru þar mýrasauðlaur og belgjastör.

5 SJALDGÆFAR PLÖNTUR.

Alls voru skráðar við fyrirhugaða veglínu Efríbyggðarveggar 102 tegundir plantna (2. viðauki bls. 9). Það verður að teljast fremur fábreytt miðað við láglandi, enda er lítil fjölbreytni í gróðurlendum á svæðinu, mest móar, melar og framræstar mýrar. Allt eru þetta mjög algengar tegundir sem finnast um allt landið, að dvergstör undanskilinni. Hún er takmörkuð við landræna svæðið á Norður- og Norðausturlandi (Hörður Kristinsson 1998), og erum við hér í jaðri þess. Hún er þó mjög algeng á landræna svæðinu, þar með talið innan til í Skagafirði og á öræfunum allt vestur á móts við Langjökul.

6 UMFJÖLLUN

Athuganirnar gefa yfirlit um varpfugla á og við fyrirhugaða nýja vegarkafila í Efríbyggðarvegi. Fuglalíf á þessum athugunarsvæðum telst ekki vera sérstakt á landsvísu og var þéttleiki fugla þar ekki mikill. Þéttleiki fugla var svipaður eða nokkru minni en hann hefur mælt í heiðalöndum í nágrenni við Reykjavík, Mývatnsveit og við Tindastól í Skagafirði (Ólafur K. Nielsen 1980, Jóhann Ó. Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996, Ólafur Einarsson 1998).

Svipað búsvæði og það sem fer undir fyrirhugaðan veg er víða að finna í nágrenni athugunarsvæðisins og gera má ráð fyrir að framkvæmdirnar hafi ekki mikil áhrif á fuglalíf á þessum slóðum, nema að því leyti að það land sem fer undir veg eyðileggst sem búsvæði fyrir fugla. Hins vegar mætti vel athuga að endurheimta votlendi við fyrirhugaða vegi ef af framkvæmdum verður. Fylla mætti upp í þá skurði sem þarna er að finna, enda þurrka þeir nokkuð upp í nágrenni sínu, eru lýti á landinu og virðast hafa lítinn tilgang.

Gróðurinn á þessu svæði er allur mjög útsettur fyrir áhrifum búsetu, beitar og ræktunar og hefur því fyrst og fremst gildi með tilliti til landbúnaðar. Engar sjaldgæfar plöntur né gróðurlendi fundust á svæðinu.

7 ÞAKKIR

Ævar Petersen las yfir handrit af fuglakafila þessarar skýrslu en Kristinn H. Skarphéðinsson veitti upplýsingar um fuglalíf í reit 4844.

8 HEIMILDIR

Bibby, C.J., N. D. Burgess og D. A. Hill 1992. Bird Census Techniques. Gefið út fyrir British Trust for Ornithology og Royal Society for the Protection of Birds. Academic Press. London. 257 bls.

Hörður Kristinsson 1998. Drög að útbreiðslukortum íslenskra blómplantna og byrkninga. Óbirt handrit.

- Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 40: 58–65.
- Järvinen, O. 1976. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. II. Comparisons between two methods. *Ornis Scand.* 7: 43–48.
- Järvinen, O. og R.A. Väisänen 1975. Estimating relative densities of breeding birds by the line transect method. *Oikos* 26: 316–322.
- Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1996. Fuglar Austurheiðar. Í: Kristbjörn Egilsson (ritstjóri). Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt, Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd (Úlfarsfell). Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg.
- Kristinn H. Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 25. 126 bls.
- Ólafur Einarsson 1998. Fuglalíf í suðvestanverðum Tindastóli. Unnið fyrir Vegagerðina á Sauðárkróki. NÍ-98002.
- Ólafur K. Nielsen 1980. Rannsóknir á þéttleika mófugla í Mývatnssveit 1978 og við Önundarfjörð og Dýrafjörð 1979. Óbirt fjórða árs ritgerð við Líffræðiskor Háskóla Íslands. 55 bls.

1. viðauki. Varpfuglar í reit 4844

Tegund		
Íslenskt heiti	Latneskt heiti	Stig*
Flórgoði	<i>Podiceps auritus</i>	1
Álf	<i>Cygnus cygnus</i>	1
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	1
Grágæs	<i>Anser anser</i>	1
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	1
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1
Grafönd	<i>Anas acuta</i>	3
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>	3
Duggönd	<i>Aythya marila</i>	3
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	3
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	3
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	3
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	1
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	3
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	1
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	2
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	2
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	3
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	1
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	1
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1
Stormmáfur	<i>Larus canus</i>	1
Silamáfur	<i>Larus fuscus</i>	1
Kríla	<i>Sterna paradisaea</i>	1
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	1
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>	3
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	2
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>	1
Alls		32

* Stig eru gefin samkvæmt stöðlum í kortlagningu á íslenskum varpfuglum; 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl. 1994).

2. viðauki. Skrá yfir plöntur við Efribyggðarveg

1: Melar og mórar við Kolgröf. 2: Brekkurnar milli Kolgrafar og Kríthóls.

3: Svæðið milli Álftagerðis og Kríthóls.

Latneskt plöntuheiti	Íslenskt plöntuheiti	1	2	3
<i>Agrostis capillaris</i>	hálingresi		x	x
<i>Agrostis stolonifera</i>	skriðlingresi	x	x	x
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulíngresi	x	x	x
<i>Alchemilla alpina</i>	ljónslappi	x	x	
<i>Alchemilla vulgaris</i>	maríustakkur			x
<i>Alopecurus pratensis</i>	háliðagras			x
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	ilmreyr	x	x	x
<i>Arenaria norvegica</i>	skeggsandi	x	x	x
<i>Armeria maritima</i>	geldingahnappur	x	x	x
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras		x	x
<i>Betula nana</i>	fjalldrapi	x	x	
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	x	x	x
<i>Botrychium lunaria</i>	tungljurt		x	x
<i>Calamagrostis stricta</i>	hálmgresi		x	x
<i>Cardamine nymanii</i>	hrafnaklukka		x	x
<i>Cardaminopsis petraea</i>	melablóm	x		
<i>Carex atrata</i>	sótstör		x	
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	x	x	x
<i>Carex capillaris</i>	hárleggjastör	x	x	x
<i>Carex capitata</i>	hnappstör	x		
<i>Carex chondorrhiza</i>	vetrarkviðastör		x	x
<i>Carex dioeca</i>	sérbylisstör			x
<i>Carex glacialis</i>	dvergstör	x		
<i>Carex microglochin</i>	broddastör		x	x
<i>Carex nigra</i>	mýrastör		x	x
<i>Carex norvegica</i>	fjallastör		x	
<i>Carex panicea</i>	belgjastör		x	x
<i>Carex rupestris</i>	móastör			x
<i>Carex vaginata</i>	slíðrastör	x	x	x
<i>Catabrosa aquatica</i>	vatnsnarfagras			x
<i>Cerastium alpinum</i>	músareyra	x	x	x
<i>Cerastium fontanum</i>	vegarfi	x	x	x
<i>Coeloglossum viride</i>	barnarót	x	x	
<i>Deschampsia caespitosa</i>	snarrótarpuntur	x	x	x
<i>Draba incana</i>	grávorbólóm	x		x
<i>Draba norvegica</i>	hagavorbólóm	x		
<i>Dryas octopetala</i>	holtasóley	x	x	x
<i>Eleocharis palustris</i>	vatnsnál		x	
<i>Empetrum nigrum</i>	krækilyng	x	x	x
<i>Epilobium palustre</i>	mýradúnurt		x	x
<i>Equisetum arvense</i>	klóelfting	x	x	x
<i>Equisetum palustre</i>	mýrelfting		x	x
<i>Equisetum pratense</i>	vallelfting	x	x	x
<i>Equisetum variegatum</i>	beitieski	x	x	
<i>Erigeron boreale</i>	jakobsfífill	x	x	x
<i>Eriophorum angustifolium</i>	klóffifa		x	x
<i>Euphrasia frigida</i>	augnfró			x
<i>Festuca richardsonii</i>	túnvingull	x	x	x
<i>Festuca vivipara</i>	blávingull	x	x	

<i>Galium normani</i>	hvítmaðra	x x x
<i>Galium verum</i>	gulmaðra	x x x
<i>Gentiana nivalis</i>	dýragras	x
<i>Gentianella amarella</i>	grænvöndur	x x
<i>Gentianella campestris</i>	mariuvöndur	x
<i>Geum rivale</i>	fjalldalafífill	x
<i>Hieracium islandicum</i>	íslandsfífill	x
<i>Hierochloë odorata</i>	reyrgresi	x
<i>Hippuris vulgaris</i>	lófótur	x
<i>Juncus alpinus</i>	mýraséf	x x
<i>Juncus arcticus</i>	hrossanál	x
<i>Juncus biglumis</i>	flagaséf	x x
<i>Juncus ranarius</i>	lækjaséf	x
<i>Juncus trifidus</i>	móaséf	x x
<i>Juncus triglumis</i>	blómsef	x x
<i>Kobresia myosuroides</i>	þursaskegg	x x x
<i>Koenigia islandica</i>	naflagras	x
<i>Leontodon autumnale</i>	skarífífill	x x
<i>Luzula multiflora</i>	vallhæra	x x x
<i>Luzula spicata</i>	axhæra	x x x
<i>Lychnis alpina</i>	ljósberi	x
<i>Minuartia rubella</i>	melanóra	x x
<i>Parnassia palustris</i>	mýrasóley	x x x
<i>Phleum pratense</i>	vallarfoxgras	x
<i>Platanthera hyperborea</i>	friggjargras	x
<i>Poa alpina</i>	fjallasveifgras	x x x
<i>Poa annua</i>	varpasveifgras	x x
<i>Poa glauca</i>	blásveifgras	x x x
<i>Poa pratensis</i>	vallarsveifgras	x x
<i>Potentilla crantzii</i>	gullmura	x x
<i>Potentilla palustris</i>	engjarós	x x
<i>Pseudorchis albida</i>	hjómagras	x x
<i>Ranunculus hyperboreus</i>	sefbrúða	x
<i>Rhinanthus minor</i>	lokasjóður	x x x
<i>Rumex acetosa</i>	túnsúra	x x x
<i>Sagina nodosa</i>	hnúskakrækil	x x x
<i>Salix arctica</i>	gráviðir	x x x
<i>Salix herbacea</i>	grasviðir	x x x
<i>Salix lanata</i>	loðviðir	x x x
<i>Salix phylicifolia</i>	gulviðir	x
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	vetrarblóm	x x
<i>Sedum villosum</i>	flagahnoðri	x x
<i>Selaginella selaginoides</i>	mosajafni	x x x
<i>Silene acaulis</i>	lambagras	x x x
<i>Stellaria crassifolia</i>	stjörnuarfí	x
<i>Stellaria media</i>	haugarfí	x
<i>Taraxacum sp.</i>	túnfífill	x x x
<i>Thalictrum alpinum</i>	brjóstagras	x x x
<i>Thymus praecox ssp. arcticus</i>	blóðberg	x x x
<i>Tofieldia pusilla</i>	sýki gras	x x x
<i>Triglochin palustre</i>	mýrasauðlaukur	x x
<i>Trisetum spicatum</i>	lógresi	x x x
<i>Vaccinium uliginosum</i>	bláberjalyng	x x x